



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi 1/71  
Erindi nr. P 131/71  
komudagur 12.11.2004

Reykjavík 12.11. 2004.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuvega-  
ráðuneyti, 15. mál.**

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2004 samþykkti nýja sýn í atvinnumálum, *Atvinnustefna ASÍ – framtíð fyrir alla*. Í grundvallaratriðum felst hún í því að efnahags-, atvinnu- og félagsmál verði samþætt í eina heildstæða stefnu sem miðar að því að skapa fleiri og betri störf í landinu.

Alþýðusamband Íslands lítur svo á að sú tillaga sem hér er til umsagnar gæti auðveldað framkvæmd slíkrar stefnu. Líklegt er að með stofnun eins atvinnuvegaráðuneytis verði auðveldara en áður að samþætta marga þætti sem snúa annars vegar að atvinnuuppbyggingu og hins vegar að félagslegri aðlögun launafólks að henni. Þó er ástæða til að vara við hugsanlegum óæskilegum afleiðingum þess að skilja stjórnskipulega *algerlega* á milli ábyrgðar á auðlindanýtingu og ábyrgðar á umhverfiseftirliti, eins og tillagan gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að hafa í heiðri það sjónarmið að það sé órjúfanlegur hluti af hagkvæmri nýtingu auðlindar að ganga vel um hana.

Sömu meginreglur eiga við um önnur svið er tengjast viðfangsefnum atvinnuvegaráðuneytanna. Á sviði neytendamála og samkeppnismála hlýtur t.d. ákveðin stjórnskipuleg aðgreining framkvæmdar og eftirlits að vera æskileg þótt jafnframt verði að gæta þess að ganga ekki svo langt í aðskilnaðinum að algerlega sé skilið á milli ábyrgðar á framkvæmdinni og eftirlitinu. Við samruna ráðuneyta í öflugt atvinnuvegaráðuneyti er því mikilvægt að endurskilgreina allar stofnanir ráðuneytanna með það fyrir augum að koma framkvæmd og eftirliti með þáttum eins og umhverfismálum, neytendamálum og samkeppnismálum fyrir á réttum stöðum í réttu vægi í stjórnsýslunni.

Í ljósi þess er að framan segir styður Alþýðusambandið þingsályktunartillöguna – en leggur áherslu á að þess verði vandlega gætt að skipulagsbreytingar í stjórnsýslunni grafi ekki undan möguleikum á samþættri og heildstæðri ákvörðunartöku.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ